


ATH - Þessar leiðbeiningar ætlaðar þeim sem saga álprófilana sjálfir


Ef þú ætlar að fá rúlluglugganet, rúlluhurðanet eða samsetta álhurð þá sendirðu okkur á glugganet@glugganet.is mál A, B, C, D, E, F og A+ og B+ og ljósmyndir af glugganum / hurðinni

Mál A - F eru málin sem þarf að hafa í huga þegar mælt er fyrir glugganetum



Sjá lykiltríði sem þarf að hafa í huga á næstu síðu

Lykilatriði sem þarf að hafa í huga þegar mælt er



Lamir þurfa lágmark 2,0 cm og geta verið staðsettar hægra megin, vinstra megin eða að ofan (ef nota á segulborða þá eru þeir 1,4 cm breiðir)

Álprófillinn er 1,9 cm og best er að hann leggist allur ofan á gluggakarminn en oft er ekki nægjanlegt pláss fyrir það og þá þarf að láta hann ganga inn á gluggaopið en alltaf þarf pláss að vera til staðar fyrir lamirnar þar sem þær verða

Gluggakarmur þarf að vera jafndjúpur allan hringinn, ef hann er ekki jafndjúpur allan hringinn þarf að huga að hvernig loka á bilinu sem myndast t.d. með þéttiborðum eða með því að byggja út karminn

Snúningshnappar þurfa lágmark 1 cm (ekki þarf snúningshnappa ef notaðar eru lamir og segulborðar)

Mál fyrir sögun snúast um lengdir á þessum álprófilum, athugið að hornin (1,9 cm hvort) bætast svo við lengdina á álprófilunum **heildarlengd verður þá = lengd álprófils +1,9 cm +1,9 cm**
Að auki bætast við lamir 1,5 cm og snúningshnappar 1 cm þegar það á við.